



Kæru foreldrar og forsjáraðilar

Við erum spennt að bjóða ykkur að taka þátt í einstöku námskeiði fyrir foreldra í Suðurnesjabæ. Námskeiðið er á vegum Föruneyti barna hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og heitir **Tengjumst í leik (e. Invest in play)**. Markmið námskeiðsins er að styrkja tengslin milli foreldra og barna og skapa **meira jafnvægi og gleði á heimilinu**.

Nokkur reynsla er komin á námskeiðið í öðrum sveitarfélögum og foreldrar hafa upplifað:

- ✿ Aukna **náms-, félags- og tilfinningahæfni** hjá börnunum sínum.

- ✿ **Verkfæri** til að takast á við daglegar áskoranir í uppeldinu.

- ✿ Að dregið hafi úr hegðunarörðuleikum.

Námskeiðið hefur hjálpað fjölskyldum að byggja samvinnu og ró á heimilinu og við trúum að það gæti líka gert ótrúlega góða hluti fyrir ykkur!

Það eru takmörkuð pláss svo skráðu þig fljótt til að tryggja þér þitt sæti! **Námskeiðið er foreldrum að kostnaðarlausu!**

🔗 Smelltu á þennan hlekk til að skrá þig og fá nánari upplýsingar. **Síðasti skráningadagur er 9.september!**

https://forms.office.com/pages/responsepage.aspx?id=oZD_QjkJkarvy0QsFwGAbGRO7iinQtCtK3vZvICdLdUNkpFVTdLR0pGSFJFSzBZWDBEVUY3VkJDSC4u&origin=lpLink&route=shorturl

Einnig getur þú haft samband við frae@sudurnesjabaer.is til að ræða skráninguna. Við hlökkum til að sjá ykkur!

Tvö námskeið verða í boði í Suðurnesjabæ. Annað námskeiðið hefst kl.14:00 í Grænuþorg en hitt kl.16:00 í Gerðaskóla. Þau eru bæði á fimmtudögum og hefjast 11. september og lýkur

27. nóvember. Foreldrar velja námskeið og staðsetningu eftir því sem þeim hentar, óháð skólahverfi og aldri.

Hér er hlekkur á myndband þar sem sjá má foreldra deila upplifun sinni af því að sitja námskeið. <https://vimeo.com/1081793052?share=copy>



